# 46 Í dag er glatt í döprum hjörtum
















4. Á himni næturljósin ljóma
svo ljúft og stillt og rótt
og unaðsraddir engla hljóma
þar uppi' um helga nótt.
Ó, hvað mun dýrðin himins þýða
og hvað mun syngja englaraustin blíða?
Um dýrð Guðs föður, frið á jörð
:/: og föðurást á barnahjörð. :/:

5. Ó, dýrð sé þér í hæstum hæðum
er hingað komst á jörð.
Á meðan lifir líf í æðum
þig lofar öll þín hjörð,
á meðan tungan má sig hræra,
á meðan hjartað nokkuð kann sig bæra
hvert andartak, hvert æðarslag
:/: Guðs engla syngi dýrðarlag. :/:

**T** Valdimar Briem – Sb. 1886
**L** Wolfgang Amadeus Mozart 1791 – JH 1885
**R** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023